

Þriðjudaginn 16. janúar 1990.

Nr. 482/1989. **Kaupþing hf.**
 gegn
Þrotabúi Persíu hf.

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 20. nóvember 1989, sem barst Hæstarétti 14. desember 1989. Kærður er úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 7. nóvember 1989, en hann hljóðar svo:

„Vitninu Hrafn Magnússyni er óskytt að svara framangreindum spurningum sóknaraðilja.“

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að vitninu Hrafn Magnússyni verði gert skytt að svara spurningum þeim, sem lögmaður sóknaraðila beindi til þess í réttarhaldi hinn 7. nóvember 1989. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

I.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp hinn kærða úrskurð, sem er án forsendna. Héraðsdómarinn hefur sent Hæstarétti forsendur sínar, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988. Hljóða þær svo:

„Bú Persíu hf., Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 26. ágúst 1988, samkvæmt beiðni stjórnar félagsins. Við upphaf skiptameðferðar á búinu var Skarphéðinn Þórisson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi þess hinn 12. desember 1988 var hann kosinn skiptastjóri þess.“

Hið gjaldþrota félag stóð á sínum tíma fyrir byggingu húsa á lóðinni nr. 9 við Lynghál í Reykjavík. Áttu að rísa þar tvö stórhýsi, annað á lóðinni norðanverðri og hitt að sunnanverðu. Um það leyti,

sem byggingarframkvæmdir voru að hefjast á lóðinni að norðanverðu, seldi Persía hf. Blaðaprenti hf., Reykjavík, nyrðra húsið, og skyldi því skilað af hálfu seljanda á tilteknu byggingarstigi. Var samningsgerð þessi allflókin, en ekki þykir ástæða til að rekja öll efni samninga að þessu leyti í úrskurði þessum. Þessir aðilar gerðu með sér sérstakan kaupsamning hinn 8. desember 1986 um efstu hæð í „fyrirhuguðu húsi“ að Lynghálsl 9. Kaupverðið skyldi vera kr. 11.619.720,- og greiddast með peningum kr. 10.100.000,- og með skuldabréfum kr. 1.519.720,-. Tilhögun peningagreiðslna er í samningnum ákveðin þannig:

„1. Við undirritun samnings	kr. 1.600.000,-
2. Uppsteypt jarðhæð	kr. 1.400.000,-
3. “ 1. hæð	kr. 1.400.000,-
4. “ 2. hæð	kr. 1.400.000,-
5. Fokhelt	kr. 1.400.000,-
6. Gler og þak	kr. 1.400.000,-
7. Við afhendingu	kr. 1.500.000,-“.

Persía hf. lenti í verulegum fjárhagserfiðleikum með þessar byggingarframkvæmdir. Hinn 4. september 1987 framseldi Persía hf. Kaupþingi hf., Reykjavík, nokkrar fjárkröfur, þ.á m. kröfur samkvæmt 3., 4. og 5. tölulið ofangreinds samnings, samtals að nafnverði kr. 4.200.000,00. Var gerð skrifleg yfirlýsing um framsalið, og er þess þar getið, að áætlað sé, að greiðsla samkvæmt 3. tölulið muni eiga að fara fram 10.10. 1987, greiðsla samkvæmt 4. tölulið 30.10. 1987 og greiðsla samkvæmt 5. tölulið 20.11. 1987. Blaðaprenti hf. var tilkynnt um framsal þetta og að greiðslustaður væri hjá Kaupþingi hf. eða þeim, sem það félag kynni að vísa til.

Um leið og Persía hf. framseldi Kaupþingi ofangreindar kröfur, gaf stjórn Persíu hf. út yfirlýsingu, þar sem félagið skuldbindur sig sem þinglýstur eigandi umrædds eignarhluta í Lynghálsl 9 til þess að gefa ekki út afsal vegna eignarinnar né þinglýsa eða heimila þinglýsingu veðbanda vegna fjárskuldbindinga eða annarra kvaða á eign þessa án samþykkis Kaupþings hf. Yfirlýsing þessi er dagsett 4. september 1987 og var afhent til þinglýsingar sama dag hjá borgar-fógetaembættinu í Reykjavík.

Ágreiningur reis með fyrirsvarsmönnum Persíu hf. og Blaða-

prents hf. vegna umrædds kaupsamnings. Taldi Blaðaprent hf. sér heimilt að halda eftir greiðslum til Persíu hf. vegna vanefnda Persíu hf. á skyldum samkvæmt samningnum. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum þrotabúsins um þessi viðskipti hafði Blaðaprent hf. við upphaf skiptameðferðar á þrotabúi Persíu hf. ekki innt af hendi greiðslur, sem samkvæmt framangreindu framsali hefðu átt að renna til Kaupþings hf., og kröfur Kaupþings hf. höfðu þá heldur ekki verið gerðar upp með öðrum hætti. Töldu fyrirsvarsmenn Blaðaprents hf. Persíu hf. hafa vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningum þeirra í svo ríkum mæli, að Blaðaprenti hf. væri óskýlt að greiða meira en þegar hefði verið gert. Ennfremur töldu þeir, að verulegir gallar hefðu verið á þeim verkþáttum, sem Persía hf. hefði þegar lokið við, og mundi kosta verulegt fé að bæta úr þeim.

Fljótlega eftir, að bú Persíu hf. hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, hófust viðræður milli þrotabúsins og Blaðaprents hf. Blaðaprent hf. hafði fyrir upphaf skipta fengið til umráða nyrðra húsið að Lynghálsi 9 og flutt starfsemi sína þangað.

Samningaviðræður þrotabúsins og Blaðaprents hf. tóku nokkurn tíma, og lauk þeim með sérstöku samkomulagi, þar sem þrotabúið féllst á að gefa Blaðaprenti hf. út afsal fyrir fasteigninni, án þess að frekari kröfur væru gerðar um greiðslu frá félaginu til þrotabúsins.

Kaupþing hf. lýsti kröfu í þrotabú Persíu hf. Hafði Kaupþing hf. vegna dráttar á greiðslum samkvæmt framsalssamningnum við Persíu hf. stefnt Persíu hf. til greiðslu umræddra fjárhæða og til að þola staðfestingu á framsalssamningnum. Voru kröfur Kaupþings hf. í bæjarþingsmáli þessu teknar til greina með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 7. september 1988. Í því máli var Blaðaprenti hf. ekki stefnt og engar kröfur gerðar á hendur því félagi.

Í kröfulýsingu Kaupþings hf. í þrotabú Persíu hf. eru kröfurnar taldar nema samtals kr. 10.281.405,77 með áföllnum dráttarvöxtum og kostnaði. Í kröfulýsingunni segir m.a.:

„Eins og fram kemur í meðfylgjandi gögnum framseldi Persía hf. kröfuhafa með framsölum dags. 4.9. 1987 og 11.9. 1987 greiðslur samkvæmt kaupsamningum dags. 8.12. 1986 og 2.2. 1987

milli Persíu hf. og Blaðaprents hf. annarsvegar og Persíu hf. og Sportvara hf. hinsvegar, samtals að fjárhæð kr. 6.880.000,-.

Réttur kröfuhafa til framangreindra greiðslna hefur nú verið staðfestur með dómi bæjarþings Reykjavíkur jafnframt því sem Persía hf. var dæmd til að greiða kröfuhafa kr. 6.880.000,- ásamt dráttarvöxtum þeim sem í dómsorði meðfylgjandi endurrits dóms bæjarþings Reykjavíkur greinir.

Með vísan til ofangreinds er kröfu þessari lýst utan skuldaraðar og krafist viðurkenningar á því að kröfuhafi skuli hafa stöðu sér-tökumanns hvað varðar hinar framseldu greiðslur.“

Bústjóri þrotabús Persíu hf. hefur ekki fallist á, að krafa Kaupþings hf. njóti sértökuréttar í eignum búans, og var af þeirri ástæðu efnt til reksturs sérstaks skiptaréttarmáls um þann ágreining.

Í skiptaréttarmálinu gerir sóknaraðili svofelldar dómkröfur:

„aðallega, að krafa hans ..., að fjárhæð kr. 10.281.405,-, auk dráttarvaxta samkv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 1. okt. 1988 til greiðsludags, verði viðurkennd sem krafa utan skuldaraðar, en til vara sem krafa tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í búinu, sbr. 1. og 2. mgr. 83. gr. laga nr. 3/1978, og sóknaraðila þannig úthlutað upp í kröfu sína á undan öðrum kröfuhöfum í þrotabúi Persíu hf. Í báðum tilvikum er þess krafist að sóknaraðila verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi varnaraðila, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður, fari svo, að kröfum sóknaraðila í máli þessu verði hafnað.“

Varnaraðili, þrotabúi Persíu hf., gerir þær kröfur, að hafnað verði dómkröfum sóknaraðila og að krafa sóknaraðila verði samþykkt sem almenn krafa í búidd, að fjárhæð kr. 10.281.405,- og að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað að mati réttarins.

Við aðalmeðferð málsins hefur lögmaður sóknaraðila, Kaupþings hf., kvatt fyrir réttinn sem vitni Hrafn Magnússon, Hálsaseli 12, Reykjavík, en hann er nú formaður stjórnar Blaðaprents hf. Lögmaður sóknaraðila bar fram svohljóðandi spurningu til vitnisins:

„...Það sem deilt er um er — það er deilt um stöðu kröfu Kaupþings í þetta þrotabúi — Kaupþing hefur gert kröfu um að það fái úthlutað upp í kröfu sína af óskiptu og það er gert á grundvelli framsala samkvæmt verksamningi. Það hefur ekki tekist hins vegar

að upplýsa hvernig Blaðaprent efndi sínar skyldur samkvæmt þessum kaupsamningi, þ.e.a.s. hvað það greiddi mikið og þá hverjum. Bókhald þrotabúsins er ekki — það er ekki á því að byggja um þessi atriði og sjálfsagt ekki ýmis önnur. Mig langar að spyrja að því hvort að það séu ekki til öruggar og óyggjandi upplýsingar um þessi atriði í bókhaldi Blaðaprents. Þú veist við hvaða kaupsamning ég á?“

Vitnið neitaði að svara þessari spurningu nema að undangengnum úrskurði réttarins um, að vitninu væri það skylt. Kvaðst vitnið vera nýlega komið inn í stjórn Blaðaprents hf., en lýsti þeirri skoðun sinni, að sér væri óskylt að veita þær upplýsingar, sem hér væri beðið um, og að þær væru þýðingarlausar í máli þessu.

Lögmaður sóknaraðila krafðist þess, að vitninu yrði gert að svara framangreindum spurningum með úrskurði.

Lögmaður varnaraðila lýsti yfir, að hann teldi umbeðinn vitnisburð ekki hafa þýðingu fyrir niðurstöðu í málinu, en kvaðst ekki gera sjálfstæða kröfu í þessu sambandi.

Ekki verður annað ráðið af málsgögnum en aðsóknaraðili sé að freista þess með öflun vitnaskýrslu þessarar að renna stoðum undir kröfugerð, sem ætti að beinast gegn Blaðaprenti hf., en ekki hinu gjaldþrota félagi. Blaðaprent hf. er ekki aðili að dómsmáli þessu. Svör við spurningum þessum þykja sýnilega þýðingarlaus fyrir niðurstöðu í máli þessu. Með vísan til 3. tölul. 1. mgr. 125. gr. laga nr. 85/1936 verður vitnið Hrafn Magnússon ekki krafði svara við þeim undir rekstri máls þessa.“

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að svör framangreinds vitnis við hinum tilgreindu spurningum hans hafi þýðingu fyrir mál þetta. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.
